

## Fyrirspurn

til umhverfisráðherra um sjófugla.

Frá Merði Árnasyni.

1. Hvað líður því samstarfi Náttúrufræðistofnunar, Hafrannsóknastofnunarinnar og Háskóla Íslands um sjófuglarannsóknir sem ráðherra hét 16. febrúar sl. að beita sér fyrir?
2. Hverjar eru skýringar sérfræðinga í stofnunum umhverfisráðuneytisins á því að varp kríu gekk óvenjulega illa á Suður- og Vesturlandi í vor og að stofnar stuttnefju, langvíu og fleiri svartfugla virðast ekki munu rétta úr kútnum?
3. Telur ráðherra loftslagsbreytingar orsök þess að stofnar sjófugla hér og við grannlönd  
okkar breytast svo hratt sem raun ber vitni?  
:  
: